

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 40/2011****2011/EES/37/34****frá 1. apríl 2011****um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,  
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2010 frá 10. desember 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun ráðsins 2010/18/ESB frá 8. mars 2010 um framkvæmd endurskoðaðs rammisamnings um foreldraorlof sem Evrópusamtök atvinnulífsins (BUSINESSEUROPE), Samtök evrópskra handverksmanna, lítil og meðalstór fyrirtæki (UEAPME), Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) og Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC) hafa gert með sér, og um niðurfellingu tilskipunar 96/34/EB <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2010/18/ESB fellur úr gildi, hinn 8. mars 2012, tilskipun ráðsins 96/34/EB <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 8. mars 2012.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XVIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 31. lið (tilskipun ráðsins 97/81/EC):

„31a. **32010 L 0018:** Tilskipun ráðsins 2010/18/ESB frá 8. mars 2010 um framkvæmd endurskoðaðs rammisamnings um foreldraorlof sem Evrópusamtök atvinnulífsins (BUSINESSEUROPE), Samtök evrópskra handverksmanna, lítil og meðalstór fyrirtæki (UEAPME), Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) og Evrópusamband verkalýðsfélaga (ETUC) hafa gert með sér, og um niðurfellingu tilskipunar 96/34/EB (Stjtið. ESB L 68, 18.3.2010, bls. 13).“

2. Texti 32. liðar (tilskipun ráðsins 96/34/EB) falli brott þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 8. mars 2012.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2010/18/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 85, 31.3.2011, bls. 26, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 17, 31.3.2011, bls. 20.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 68, 18.3.2010, bls. 13.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 145, 19.6.1996, bls. 4.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

starfandi formaður.